

**Erindi frá garðsöguhópi FÍLA eftir fund með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis 26.02.2019.**

**Tillaga Skógræktarfélags Íslands í umsögn við frumvarp til laga um „skóga og skórækt.“ nóv.2018.**

B liður: Friðun trjáa og skóga

Umhverfisráðherra getur, að fengnu áleti Skógræktarinnar, friðað einstök tré, trjálundi eða skóga. Skógræktin undirbýr friðunina og starfrækir í því skyni nefnd sem í sitja þrjár fastafulltrúar, frá Skógræktinni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Skógræktarfélagi Íslands. Til viðbótar kalla þeir til 1-3 fulltrúa hlutaðeigandi aðila, eftir eðli og umfangi hvers friðunarverkefnis. Nefndin útbýr friðunarskilmála þar sem fjallað er um vernd, meðferð, mögulegar aðgerðir og skyldur aðila. Friðunin tekur gildi þegar ráðherra staðfestir skilmálana með undirskrift og er hún ígildi reglugerðar.

Friðun skv. þessari grein er háð samþykki eigenda viðkomandi trjáa, lunda eða skóga og viðkomandi sveitarfélags. Skógræktin heldur skrá yfir friðuð tré, lundi og skóga skv. ákvæði þessu.

Ástæða: Tillagan er tekin orðrétt eftir starfshópi sem vann að tillögum að efni nýrra skógræktarlaga í maí 2012, fyrir utan að Skógrækt ríkisins er nú Skógræktin. Skógræktarfélag Íslands leggur áherslu á að þessi nálgun verði tekin upp og greypt í ný skógræktarlög. Skógræktarfélag Íslands hefur hátt í þrjátíu ár vakið athygli á gömlum og merkilegum trjám þ.e.a.s. valið Tré ársins. Mikilvægt er að einhver úrræði séu fyrir hendi til friðunar á einstökum trjám sem hafa mikið verndargildi eða skógum sem og lundum sem gætu haft samskonar verndargildi og merkileg hús eða aðrar menningarminjar.

**Tillaga garðsöguhóps FÍLA**

**B liður: Friðlýsing skóga, trjálunda, trjáa og garðagróðurs.**

*Umhverfisráðherra getur, að fengnu áleti Skógræktarinnar, friðað einstök tré, trjálundi, garðagróður og skóga.*

*Skógræktin undirbýr friðlýsingu og starfrækir í því skyni nefnd sem í sitja fimm fastafulltrúar, einn frá Skógræktinni, einn frá SAMGUS - Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga, einn frá Skógræktarfélagi Íslands og einn frá FÍLA félagi íslenskra landslagarkitekta. Nefndin útbýr friðlýsingarskilmála þar sem fjallað er um vernd, meðferð, mögulegar aðgerðir og skyldur aðila.*

*Friðlýsing tekur gildi þegar ráðherra staðfestir skilmálana með undirskrift og er hún ígildi reglugerðar. Ytri mörk hins friðlýsta minjastaðar skulu skilgreindur á rafrænum kortagrunni. Skógræktin heldur yfirlitsskrá yfir friðlýsta skóga, trjálunda, trjáa og garðagróðurs skv. ákvæði þessu.*

*Friðlýsing skv. þessari grein er háð samþykki eigenda viðkomandi skóga, trjálunda, trjáa og garðagróðurs og viðkomandi sveitarfélags.*

*Skógræktin skal láta þinglýsa friðlýsinguna sem kvöð á landi/lóð þeirri sem í hlut á. Greina skal í tilkynningu til hvers friðlýsingin nær. Ráðuneyti auglýsir friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.*

Tillagan er byggð á tillögu Skógræktarfélags Íslands í umsögn Sí frá nóvember 2018. Einnig byggt á ákvæðum í V. Kafla, um Friðlýsingu menningarminja, sérstaklega í 19.gr., í lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Auk þess sem hún er niðurstaða úr vinnu garðsöguhópsins, undanfarin misseri, þar sem við höfum verið að móta tillögur að því hvernig best sé að standa að friðlýsingu gamalla garða og ræktunarsögu okkar. Afrakstur vinnu okkar kemur út í greinargerð á næstu vikum, **Garðar – lifandi minjar.**

**Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða.**

Garðagróður sem nefndur er í tillögunni vísar til annars garðagróðurs en trjáa, runna og fjölæringa sem margir eiga sér lengri sögu í görðum en stór tré. Það kann að þurfa að skilgreina nánar hugtakið **garðagróður** í þessu samhengi.

Mikilvægt er að Skógræktin býr yfir fræðilegri og faglegri þekkingu á lifandi minjum eins og trjám og gróðri. Auk þess 120 ára ræktunarsögu og reynslu.

TILLAGA GARÐSÖGUGHÓPS FÍLA - 02 2013